

**Stjórnarfundur WIFT á Íslandi**  
**Kvikmyndaskóli Íslands**  
**Miðvikudagur 29. janúar, kl. 18:00**

**Úr stjórn mættu:**

María Sigríður  
Ágústa Margrét  
Rebekka Ingimundar

**Á google meet mættu:**

Ríkey  
Lína

**Félagslíf á vegum WIFT.**

Á fundinum ræddum við hvernig við getum bætt félagslífið innan félagsins, bæði faglega hittinga og networking hittinga. Það komu upp nokkrar hugmyndir og ætlum að halda áfram að láta okkur detta fleira í hug.

- Gætum haft *Work in Progress* hittinga þar sem hægt er að hittast og sýna verkefni sem eru í vinnslu og ræða hvernig ferlið er og hvað gæti farið betur. Gætum haft þennan hitting í litla bíosalnum í Kvikmyndaskóla Íslands. Heyra í þeim einstakling sem hefur umsjón með salnum. Hittingurinn gæti verið annan hvern mánuð.
- *Writers Room* hittingar, hafa samband við Kötlu og Elínu til þess að halda utan um hittingana í samstarfi við WIFT. Leyfa þeim smá að stjórna hversu oft í mánuði þessir hittingar yrðu
- Mánaðarlegir kaffi hittingar í Bíó Paradís, alltaf fyrsta sunnudag í mánuði klukkan 15:00.
- Fá fagfólk til þess að ræða sitt verkefni í þeirri bíómynd sem verið að sýna.
- Hafa árshátíð annað hvert ár, næst árið 2026.

**Kvennaár 2025.**

Lea Ævarsdóttir kom á fundinn til okkar, hún er fulltrúi WIFT í stjórn Kvennaárs 2025. Fyrsti viðburður kvennaárs er 30. Janúar í Iðnó. Það er búið að setja í nefndir og Lea og Ragnheiður eru í miðlar nefndinni. Þær eru að taka upp viðburði Kvennaárs 2025.

Lea er byrjuð að setja upp tímalínu fyrir efnissmiðju fyrir viðburði ársins.

Hrönn í Bíó Paradís hafði talað um að leyfa mánaðarleg bíókvöld í tilefni Kvennaárs. Lea hafði samband við hana síðastliðin mánudag og ætlar að hafa samband við hana aftur 30. Janúar til þess að ýta á eftir því ásamt því að hafa fleiri viðburði á vegum WIFT.

Það kom upp hugmynd að hafa samband við samtökin sem berjast gegn ofbeldi gegn konum og búa til kynningarefni fyrir þær.

Hvernig getum við lagt okkar að mörkum fyrir kvennaár með okkar styrkleikjum svem konur í kvikmyndagerð. Væri gott að leggja áherslu á að vinna með áherslupunkta Kvennaárs og fá heimildir/handrit frá þeim samtökum og við græjum myndbönd.

Myndböndin geta veitt WIFT meiri sýnileika.

Gætum haft kynningu á störfum nándaþjálfara, Kristín Lea hefur verið með fyrirlestra um það. Gæti verið á ráðstefnu sem við erum að skipuleggja.

Fyrir bíókvöldin væri hægt að fá fagfólk til þess að vera með Q&A um þeirra störf við myndina sem er verið að sýna. Heyra í Ísold Uggadóttur um nýju heimildamyndina hennar um Björk Guðmundsdóttur söngkonu og fá hana og þær sem koma að myndinni til þess að ræða um myndina og sýna myndina. Hafa sérstaka WIFT sýningu.

### **Verkferlar WIFT.**

Ríkey sagði frá verkferlunum og við þurfum að kjósa trúnaðarmann fyrir verkferlana á næsta stjórnarfund. Stjórnin þarf að samþykkja verkferlana og þar af leiðandi þurfa allar í stjórn að vera búnar að kynna sér verkferlana fyrir næsta fund sem verður 12. Febrúar klukkan 18:00. Maja er búin að senda á Ríkey og Ylfu nöfn á lögfræði- og sálfræðistofum. Ágústa ætlar að koma þeim í sambandi við lögfræðing og sálfræðing sem KVÍ hefur verið að nýta sér. Væri gott að fá lögfræðing til þess að lesa yfir verkferlana. Hægt er að athuga hvort lögfræðinemar geti lesið yfir að kostnaðarlausu. Hægt er að senda á [orator@hi.is](mailto:orator@hi.is). Síðan er félagið ELSA Ísland samtök evrópskra laganema [www.elsaiceland.is](http://www.elsaiceland.is) og Réttvís - fræðslufélag - félagsskapur laganema og nýútskrifaðara lögfræðinga með þann tilgang að miðla þekkingu um lögfræðileg álitaeftni á mannamáli.

### **Aðalfundur WIFT.**

Stefnan er að hafa aðalfund í mars/apríl. Okkur langar að hafa fundinn í Bíó Paradís. Það kom upp sú hugmynd að nýta eitt af mánaðarlegu bíókvöldunum til þess að hafa aðalfund fyrir bíósýninguna. Aðal efni fundarins væri að kjósa um breytingu á félagsgjöldum. Lea lætur vita þegar hún hefur heyrt frá Hrönn í Bíó Paradís og við getum haldið áfram með þælinguna með aðalfundinn.

Við þurfum að senda greiðsluseðil beint eftir aðalfundinn með nýrri upphæð. Síðan í framtíðinni sendum við alltaf greiðsluseðla 15. Mars og í framhaldi af því að hafa aðalfundi.

### **Önnur verkefni.**

Aðalheiður Kristbjörg - loftslags- og mannréttindasinni/lista frumkvöðull og áhugamaður. Fjölbreytileika-, ingildingar- og breytingastjórnandi. Langar að vera með fyrirlestur.

- Hvernig sér hún þetta fyrir sér? Hvað er innihald fyrirlestrarins? Væri þetta fyrirlestur fyrir meðlimi WIFT?

Þurfum að breyta heimilisfangi WIFT á Íslandi. Maja ætlar að athuga hvort WIFT megi vera með skráð heimilisfang hjá Kvikmyndamiðstöð eða Bíó Paradís.

Stelpur skjóta námskeið fyrir unglingsstelpur í kvikmyndagerð.

- Getum farið í samstarf við önnur WIFT félög og fá styrki í gegnum það.
- Athuga með barnamenningarhátíð
- Athuga með List fyrir alla
- Heyra í Hrönn hjá Bíó Paradís
- Það þarf að setja gott format utan um námskeiðið hvernig það mun fara fram og hvernig hægt er að fjármagna verkefnið.

Doris verkefnið, endilega koma því af stað aftur. Heyra í Dögg Mósesdóttur til þess að koma upplýsingum um síðasta Dorisverkefni.

Setja upp faglega ráðstefnu sem myndi fara fram í maí/júní.

- Hvers kyns ráðstefna?
  - Fá Guðrúnu Elsu til þess að ræða rannsóknina sína.
  - Fá fyrirlesara til þess að ræða samninga, verktakagreiðslu, styrktarumsóknir
  - Fá Kristínu Leu til þess að hafa fyrirlestur um störf nándarþjálfara.
  - Fá fyrirlesara til þess að ræða língóið í faginu.
- Þurfum að finna upplýsingar um styrktaraðila og fyrirlesara fyrir ráðstefnuna. Ætlum að leggja höfuðið í bleyti og ræða á næsta fundi 12. Febrúar.
- Hægt er að fá styrki fyrir mat og drykkjum hjá fyrirtækjum og heilidsölum.